

Stjórn Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs

Föstudagurinn 3. febrúar 2017



VINSTRI GRÆN

14. Fundur stjórnar VG á Hallveigarstöðum.

Elín Oddný Sigurðardóttir ritaði fundargerð.

Katrín Jakobsdóttir stýrði fundi.

Mætt; Katrín Jakobsdóttir, Bjarni Jónsson, Daníel Haukur Arnarsson, Rósa Björk Brynjólfssdóttir, Edward Huijbens, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, Hrafnkell Lárusson, Elín Oddný Sigurðardóttir, Una Hildardóttir, á fjarfundi: Ingibjörg Þórðardóttir og Björn Valur Gíslason. Áheyrnarfulltrúar EVG; Jóhanna Bryndís, UVG; Gyða Dröfn Hjartardóttir. F.h starfsmanna; Björg Eva Erlendsdóttir, Bjarki Þór Grönfeldt, Bergþóra Benediktsdóttir og Líska Kristjánssdóttir.

Fundur settur kl. 15.08.

1. Stjórn málaástandið á nýhöfnu þingi. Katrín og Bjarkey fara yfir stöðuna á nýhöfnu þingi. Umræður um þingið framundan.
2. Flokksráðsfundur – Næsti flokksráðsfundur verður haldinn í Hlégarði í Mosfellsbæ laugardaginn 4. mars. Björn Valur kynnir drög að dagskrá flokksráðsfundar. Bæði verður farið yfir stöðu VG af afloknum kosningum, nýja ríkisstjórn og utanaðkomandi aðilar fengnir til að halda erindi. Drög að dagskrá verða send út í næstu viku.
3. Skýrsla um Alþingiskosningar – Líska Kristjánssdóttir kynnir skýrslu vegna kosningabaráttu VG fyrir síðustu alþingiskosningar. Um vinnuþagg er að ræða sem einungis er ætlað stjórnarmönnum en ekki hugsað til almennrar dreifingar. Stjórn þakkar fyrir þessa glæsilegu skýrslu þar sem reynslan er tekin saman á grafískan hátt. Stjórn vill einnig koma á framfæri þakklæti til starfsmanna, kosningastjóra, sjálfboðaliða, frambjóðenda og allra þeirra sem lögðu á sig mikla vinnu vegna kosningabaráttu VG fyrir síðustu alþingiskosningar.
4. Sveitarstjórnarkosningarnar framundan
 - a. Starfsáætlun stjórnar vegna sveitarstjórnarkosninga. Katrín fylgir úr hlaði starfsáætlun stjórnar fyrir árið 2017. Stjórn er að skipuleggja fundarferð í mars, apríl og maí með félögum okkar víðsvegar um landið. Starfandi verður aðgerðarstjórn sem hefji undirbúningsvinnu vegna sveitarstjórnarkosninga næsta vor. Drög að fundarplani verður lagt fram á næsta stjórnarfund.
 - b. Handbók og tékklisti vegna sveitarstjórnarkosninga. Edward Huijbens leggur fram þá tillögu að unninn verði tékklisti upp úr kosningahandbók hreyfingarinnar. Skrifstofan vinnur drög að slíkum tékklista í samráði við framkvæmdastjórn.
5. Málefnaþópar- sex málefnaþópar hafa verið starfandi milli landsfunda. Auk þess hefur starfað hópur um ferðamálastefnu og neytendamál. Katrín leggur til að málefnaþópar

verði skipaðir á næsta flokksráðsfundi í þeim málum sem þarf að vinna fram að næsta landsfundi. Katrín og Elín munu hafa samband við hópstjóra til að fara yfir stöðuna og koma með tillögur á næsta fundi.

6. Fjármál – Björg Eva fer yfir stöðu fjármála. Fjárhagsáætlun 2017 hefur verið lögð fram og fór framkvæmdastjóri yfir helstu mál þar inni s.s styrki til kjördæmisráða og UVG.
7. Opnir stjórnarfundir – lögum var breytt á síðasta landsfundi á þann veg að stjórnarfundir eiga að vera opnir fyrir félaga hreyfingarinnar. Björg Eva fer yfir drög að reglum vegna opinna stjórnarfunda. Mikilvægt að það sé upplýst um hverjir séu á fundinum. Einnig þarf að liggja fyrir hvaða mál þarf að ræða í trúnaði. Rætt um að hægt sé að loka fundum stjórnar ef sérstakar aðstæður krefjast þess. Rætt var um hvort streyma ætti stjórnarfundum um netið. Tekin ákvörðun um að gera það ekki þar sem að stjórnarfundir eru einungis opnir skráðum félögum í hreyfinguna. Björg Evu falið að ganga frá reglunum í samræmi við þau sjónarmið sem fram hafa komið.
8. Reglur um greiðslur vegna ferðakostnaðar stjórnarmanna og áheyrnarfulltrúa. Elín Oddný kynnir tillögur hóps um ferðakostnað stjórnarmanna. Hópurinn var skipaður á stjórnarfundi þann 9. desember sl. Hópurinn skipuðu Bjarni Jónsson, Elín Oddný Sigurðardóttir og Ingibjörg Þórðardóttir. Una Hildardóttir var einnig upplýst um vinnu hópsins. Björg Eva Erlendsdóttir og Bjarki Þór Grönfeldt voru hópnun innan handar í vinnu sinni. Katrín bar tillögu hópsins að reglum um ferðakostnað upp og hún var samþykkt samhjóða.
9. Fundargerð síðasta stjórnarfundar – lögð fram og samþykkt með áorðnum breytingum.
10. Önnur mál
 - a. Rætt um stjórnarkjör í svæðisfélagi VG í Kópavogi og hvort hægt sé að skipa stjórn án þess að uppfylla ákvæði um kynjajafnrétti. Formaður og þingmaður SV-kjördæmis munu funda með formanni svæðisfélagsins vegna málsins.
 - b. Endurskoðun laga og reglna um forval og uppstillingu. Katrín kynnir minnisblað vegna vinnu við endurskoðun laga og reglna um forval og uppstillingu. Nánari tillögur um endurskoðun verða unnar fyrir næsta stjórnarfund. Formaður mun hafa samband við formenn kjördæmisráða vegna þeirrar vinnu.

Næsti fundur stjórnar verður föstudaginn 3. mars kl. 15.00.

Fundi slitið kl. 17.50.